

2. Fundur starfshóps um endurskoðun frístundaheimila, frístundastyrkja og fyrirkomulags niðurgreiðslna og gjalda. Haldinn kl. 17 miðvikudaginn 3. desember 2014 að Strandgötu 6.

Mættir: Helga Ingólfssdóttir, formaður, Atli Þórsson, Karólína Helga Símonardóttir, Fjölfnir Sæmundsson, Hörður Svavarsson, Adda María Jóhannsdóttir, Guðmundur Sverrisson og Rannveig Einarsdóttir sem ritaði fundargerð.

1. Geir Bjarnason, forvarnar- og tómstundafulltrúi og Andri Ómarsson, verkefnastjóri kynntu starfsemi frístundaheimila í Hafnarfirði. Umræður urðu um starfssemina m.a. að starfið virðist ekki henta eldri hóp barnanna. Gera þarf betur í starfinu fyrir 3. og 4. bekk. Einnig vantar undirbúningstíma til að skipuleggja faglegt starf og millistjórnendur.
2. Rætt var m.a. um eftirtalin atriði: leggja þarf áherslu á að minnka brottfall úr frístundaheimilum, starfið sé lagað að hverjum aldurshópi fyrir sig, jafnvel verði áhersla á að eldri hópurinn sækir íþróttir eða annað frístundastarf. Rætt um safnfrístundaheimili fyrir 3ja og 4ða bekk. Vangaveltur voru um hvort æskilegt væri að foreldrar gætu greitt fyrir heila önn í frístundaheimilum og að foreldrar nýti frístundastyrkinn í greiðslu frístundaheimila.
3. Ákveðið að starfshópurinn fari í skoðunarferðir í nágrennasveitarfélög og kynni sér þjónustuframboð í byrjun árs 2015.

Fundi slitið kl. 18:30.